

Tilnefning fer eftir stærð skóla, samkv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins hverju sinni. Miða skal þó við að skólar skiptist á um að tilnefna.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, öðlast þegar gildi og gilda fyrst um sinn, uns öðruvísi kynni að verða ákveðið. Reglur um tilnefningu nemenda í námsstyrkjanevnd nr. 259/1972 falla hér með úr gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. desember 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Þorlacius.

9. desember 1976.

Nr. 419.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971.

1. gr.

6. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Seljendum efna og efnasamsetninga í X, A og B hættuflokkum er skylt að færa í þar til gerða sölubók, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til, í rétttri tímaröð, alla sölu slíkra efna. Í bókinni skal tilgreina afgreiðsluröð, dagsetningu, heiti efnis eða samsetningar, fjölda pakkninga, pakkningastærð, nafn kaupanda, skirteinisnúmer, ef um er að ræða efni eða efnasamsetningu í X eða A flokki, heimilisfang og nafnnúmer. Afrit bókarinnar skal senda eiturefnanevnd við lok hvers árs til yfirlits. Sömu skyldur hvíla á lyfsölu, er leyfi hafa til sölu á efnum og efnasamsetningum í fyrrgreindum hættuflokkum (sbr. 5. málsgrein 5. greinar). Seljendur skulu enn fremur halda eftir og senda eiturefnanevnd við lok hvers árs, leyfi til innkaupa á efnum í hættuflokki A, er afhenda má einungis einu sinni (sbr. 5. málsgrein 4. greinar).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, öðlast gildi 1. janúar 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

9. desember 1976.

Nr. 420.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 151/1968.

1. gr.

15. grein h-liður reglugerðarinnar orðist svo:

Eiturbók, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til skal vera í

tvíriti og skal senda afrit eiturbókar til eiturefnanefndar ásamt eiturbeiðnum í lok hvers árs.

2. gr.

15. grein i-liður reglugerðarinnar orðist svo:

Í eiturbók skal skrá alla sölu lyfjabúðar á eiturefnum, sem eru á listum I og II í gildandi reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna svo og alla sölu eiturefna á listum X, A og B samkvæmt reglugerð nr. 132/1971 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 1. janúar 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 421.

20. desember 1976.

REGLUGERÐ**um skoðunargjald ökutækja.**

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 500 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð. Gjald þetta greiðist fyrir fram, og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Fyrir skoðun léttra bifhjóla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 98 22. maí 1970, skal greiða 200 krónur í skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1977.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 171 10. september 1969 um skoðunargjald bifreiða og bifhjóla.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.